

**L Ö G****um breytingu á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu  
erlendra aðila í atvinnurekstri.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum sem í þessum lögum eða sérlögum greinir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt.

## 2. gr.

Við a-lið 8. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo:

Ríkisborgarar aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir ákvæðum þessa liðar.

## 3. gr.

Við c-lið 8. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo:

Lögaðilar með heimili í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir ákvæðum þessa liðar.

## 4. gr.

Í stað lokamálsliðar 8. gr. laganna komi tveir nýir málslíðir er orðast svo:

Þetta gildir þó ekki um ríkisborgara aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Viðskiptaráðherra getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja undanþágu frá þessu ákvæði.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1993.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Sighvatur Björgvinsson.*